



New Voices

THE INTERNATIONAL ASSOCIATION OF  
**LIONS CLUBS**



Fjölumdæmi / Multiple District 109 – Hlíðasmári 14, IS 201 Kópavogur, ICELAND  
Sími/Tel.: +354 561 3122. Netfang /E-mail: lions@lions.is

## Skýrsla umdæmisstjóraráðs

Starfsárið 2019-2020  
Ellert Eggertsson fjölumdæmisstjóri MD109

### Inngangur

Í þessari skýrslu ætla ég að fara yfir starfið sem hefur verið í gangi í vetur. Þó verður að segjast, eins og er að töluvert er eftir af starfinu þegar þessi skýrsla er skrifuð og vonandi margt gott eftir að gerast.

Starf fjölumdæmisstjóra er margþætt en í aðalatriðum inniheldur það eftirfarandi:

1. Framkvæmdastjóri hreyfingarinnar og ber þannig ábyrgð á skrifstofu, fjármálum og því sem viðkemur daglegum rekstri hreyfingarinnar.
2. Situr í umdæmisstjóraráði (Fjölumdæmisstjórn) og fer með eitt af þremur atkvæðum þar. Hin atkvæðin eru í höndum umdæmisstjóranna tveggja. Umdæmisstjóraráð hefur ákvörðunarvald á milli þinga.
3. Ber ábyrgð á erlendum samskiptum, svo sem á Evrópuþingi, og í Norrænu samstarfi.
4. Hafa umsjón með félagsmálum GMT, leiðtogamálum GLT og verkefnum GST það hlutverk kallast GAT

Umdæmisstjórnir, þau Jóhanna Thorsteinson í umdæmi 109A og Bragi Ragnarsson í umdæmi 109B taka virkan þátt í ofangreindu því þeir eru með í umdæmisstjóraráði sem í reynd tekur allar ákvarðanirnar, sem ekki eru lagðar fyrir á þingi.

### Umdæmisstjóraráðs fundir

Umdæmisstjóraráðs fundir hafa verið 3, urðum að aflýsa 3 fundi vegna veðurs.

1. Fyrsti fundurinn var haldin í Lionsheimilinu laugardaginn 31. ágúst. Þar setti umdæmisstjóraráð fyrir þau markmið sem vinna átti við yfir veturinn. Um morgunin voru umdæmin með sér fundi, 109A í Blindravinaheimilinu og 109B í Lionsheimilinu.
2. Annar fundur var sameiginlegur fundur fjölumdæmis og umdæmanna og var haldin í Vogaskóla 9. nóvember.
3. Þriðji fundur átti að vera 11. janúar, en afboðaður vegna veðurs og ófærðar.
4. Fjarfundur haldin 28. mars og notast við zoom forritið. Mætir voru 43 félagar og tókst fundurinn ágætlega og var árangursríkur.

### Lionsþing

65. Lionsþingið átti að vera í Hafnarfirði 24-25 apríl í umsjón Lionsklúbbanna í Hafnarfirði. Formaður þingnefndar er Halldór Kristjánsson fv. fjölumdæmisstjóri. Þinghald var fyrirhugað í Flensborgarskóla svo og kynningarkvöldið en lokahófið átti að fara fram í Frímúrarahúsinu að Ljósutröð 2. Þingsetningin átti að fara fram í Hafnarborg.

Vegna kórónaveirunnar og samkomubanns urðum við að aflýsa hefðbundnu þingi og ákveðið var að halda rafrænt fjarþing 6. júní 2020.

Varðandi dagskrár og innihald þingsins, sér Kristinn Hannesson þing og Protókoll stjóri um í samvinnu við umdæmisstjóraráð. Allt er þetta nú í undirbúningi þegar þetta er skrifað og reynt að hafa dagskrána með hefðbundnu sniði. Þó er ljóst að viðurkenningar verða að bíða betri tíma. LCI hafði sent út leiðbeiningar hvernig staðið skyldi að rafrænum þingum og eins hvernig hægt verði að kjósa embættismenn næsta starfsárs.

## **Skrifstofa Lionshreyfingarinnar**

Starfssemi skrifstofunnar hefur verið óbreytt á þessu ári. Þar eru Kolfinna Guðmundsdóttir skrifstofustjóri og Magnea Halldórsdóttir sem er í hlutastarfi og sinnir aðallega störfum fyrir MedicAlert. Ágætt samstarf hefur verið við þær stöllur. Félagaskrá Lionsumdæmissins var vistuð á gamalli tölvu og enn eldri útgáfu af forriti, eða FileMaker 5. Með góðri aðstoð Steindórs Guðjónssonar, tókst að koma skránni í nýrri útgáfu af FileMaker og síðan tókum við tilboði FMPHost um að vista skrána á skýi og er skráin komin í FileMaker 18 Pro Advance. Aukið öryggi felst í að vista skrána á Skýi og nú geta bæði Kolfinna og Magnea unnið á sama tíma í skránni úr sitt hvorri tölvunni. Eins býður forritið upp á meiri möguleika á að veita upplýsingar úr skránni beint inn á vefinn okkar Lions.is og sparað þeim þannig vinnu. PS. Rétt áður en ég lauk við skýrsluna, kom ágætt tilboð frá DK Hugbúnað um að vista félagaskrána þar, en bókhald skrifstofunnar er frá DK og er nú unnið að því að koma félagaskránni yfir í DK Hugbúnaðar forritið.

## **Alþjóðapíngið**

Alþjóðapíngið var haldið að þessu sinni í Mílanó á Ítalíu. Þar var kosinn nýr alþjóðaforseti frá Koreu, Dr. Jung-Jul Choi. Á píngið fór stór hópur Íslendinga eða um 50 manns auk föstu fulltrúana. Föstu fulltrúarnir eru umdæmisstjórnarnir Jóhanna Thorsteinson og maki hennar Halldór Njálsson og Bragi Ragnarsson og kona hans Bryndís Jóhannsdóttir, fjölumdæmisstjóri Ellert Eggertsson og kona hans Júlíana Guðmundsdóttir.

Þetta var að sjálfsögðu píngið hennar Guðrúnar Bjartar Yngvadóttir, alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar og stjórnaði hún þinginu eins og hennar er von og vísa, af röggsemi og var landi og þjóð til mikils sóma. Að sjálfsögðu var eiginmaður hennar, Jón Bjarni Þorsteinsson henni til halds og trausts og má segja að þau hafi verið stjórnur þingsins. Þíngið var stórkostlegt að vanda og mikil skrautsýning.

## **Alþjóðaforseti og kjörorð hans**

Einkunnarorð alþjóðaforseta Dr. Jung-Yuk Choi eru „við þjónum“ eða við We Serve. Kjörorð forsetans er diversity, eða fjölbreytileiki og á hann þá við sem dæmi, samsetningu félaganna, þ.e.a.s. af öllum kynjum og litarháttum. Eins leggur hann áherslu á að brúa kynslóðabilið í klúbbunum og á það vel við marga af okkar klúbbum, en í raun erum við búin að vita þetta lengi og nú þurfum við að fara að gera eitthvað í þeim málum, spurning um líf eða dauða margra klúbba.

## **Heimsókn alþjóðaforseta**

Alþjóðaforseti Dr. Jung-Yul Choi var hér í 3. viku ágúst mánaðar og tókst heimsóknin ágætlega, heimsóttum m.a. björgunarsveitina í Hafnarfirði og skoðuðum OCT tækið á Landspítalanum sem var gefið fyrir söluna á Rauðri fjöður. Að venju var afhjúpaður skjöldur við forsetatréð sem Choi hafði gróðursett í forsetalundi Lkl. Ásbjarnar, þegar hann var staddur hér á alþjóðastjórnarfundi sem GBY hélt hér á landi á síðasta starfsári.

Í heildina tókst heimsóknin vel og var forsetinn ánægður þegar ég kvaddi hann í flugstöðinni. Við Guðrún Björt vorum boðin í viðtal í „Mannlega þáttinn“ á RAS 1 sem ég held að hafi verið ágætt auglýsing fyrir Lions. Einnig birtust fréttir í dagblöðum og eins var sett inn frétt á heimasíðu forsetans, forseti.is. Við vorum staðráðin í að reyna að auglýsa okkur meira en okkur hefur tekist á undanförunum árum. Ég var reyndar undrandi hvað margir sem ég þekki voru að hlusta á gömlu gufuna, ég sem hélt að engin væri að hlusta á, en það er öðru nær og var vonandi góð auglýsing fyrir hreyfinguna.

## **Formannafundir.**

Formannafundir voru haldnir í Lionsheimilinu Hlíðasmára 2. nóvember og í Ánni Akureyri 3. nóvember. Þar kynntu umdæmisstjórnarnir Jóhanna Thorsteinson og Bragi Ragnarsson stefnumál sín. Fundirnir þóttu takast með ágætum og voru báðir fundirnir vel sóttir.

## **Evrópuþíngið**

Lions Europa Forum 2019 var haldið í Tallinn, Eistlandi daganna 4-6 október s.l. Fulltrúar Íslands voru undirritaður sem fjölumdæmisstjóri, ásamt konu sinni Júlíönu Guðmundsdóttir og Brynja Vígdís Þorsteinsdóttir unglingskiptastjóri fjölumdæmissins. Guðrún Björt Yngvadóttir og Jón Bjarni Þorsteinsson voru að sjálfsögðu á þinginu, Guðrún sem fráfarandi alþjóðaforseti og formaður alþjóðahjálparsjóðsins LCIF. Einnig sóttu þíngið Jóhanna Thorsteinson umdæmisstjóri 109A og Þórunn Friðriksdóttir svæðisstjóri svæði 5, 109A og fóru þær á eigin kostnað.

Þingið tókst í alla staði vel og höfðu menn á orði að þetta væri eitt best heppnaða þing sem þeir höfðu sótt, allt skipulag, tímasetningar, hótél og allur aðbúnaður var eins og best verður á kosið. Nokkrar tillögur lágu fyrir þingið og tvær þeirra varðandi fjármögnun Evrópu Forum þinga. Í fyrri tillögunni var lagt til að settur yrði 0.50 EUR skattur á alla Lionsfélaga í Evrópu sem rynni til fjölmæmisins/umdmæmisins sem heldur þingið. Þessi tillaga var felld með miklum meirihluta.

Önnur tillaga var á þá leið að fjárhagsleg staða fjölmæmisins/umdmæmisins sé könnuð gaumgæfilega til að ganga úr skugga um hvort það hafi fjárhagslega burði til að halda Europa Forum, áður en umsóknin er lögð fyrir þingið til samþykktar. Einnig að hver Lionsfélagi í fjölmæminu/umdmæminu leggi til 12 EUR framlag til að tryggja fjárhagslega stöðu fjölmæmisins/umdmæmisins.

Flestum fannst tillagan að mörgu leyti ágæt, en menn gátu ekki sætt sig við 12 evru framlag frá hverjum félagi og var hún því felld. Sem dæmi þyrftu Finnar að leggja fram 250 þús evru framlag til að halda Evrópu Forum og það gátu þeir ekki sætt sig ekki við.

Ástæðan fyrir þessum ályktunum er að töluvert tap hefur verið á mörgum undanförunum þingum og sem dæmi voru reikningar fyrir síðasta þing í Skopje ekki tilbúnir til samþykktar á þessu þingi.

Kosin var millipinganefnd til að fara yfir þessi mál og á hún að skila inn tillögum fyrir þingið í Thessaloníku á næsta ári.

Boðið var upp á fjölmarga fyrirlestra og námskeið á meðan á þinginu stóð og ekki möguleiki að komast á nema hluta þeirra.

### Samstarf Norðurlanda NSR

Danir fara með forystu í NSR þetta starfsárið og var NSR þingið haldið í Kaupmannahöfn 17. - 19. janúar s.l.

Ég hef það á tilfinningunni að það sé að aukast áhugi fyrir auknu samstarfi innan NSR. Hér áður fyrr voru allt að 200 félagar sem sóttu NSR þingin, en núna sóttu um 90 félagar þingið. Ýmsar leiðir voru ræddar til að fá fleiri félagar til að sækja þingið, m.a. ræddar leiðir til að lækka þingkostnaðinn, fjölga námskeiðum sem eru í boði þannig að þingið verði áhugaverðara fyrir hinn almenna félagsmann. Eins var rætt um að færa til dagskrána, þannig að félagarnir geti sótt þingin án þess að missa út vinnudag. Þá kom fram tillaga um að streyma efni frá þinginu þannig að Lionsfélagar gætu fylgst með störfum þingsins í gegnum netið og finnst mér það áhugaverð tillaga. Sem dæmi gætum við haft opið hús í Lionsheimilinu eða öðrum stöðum á landinu, þar sem félagarnir kæmu saman til að fylgjast með störfum þingsins.

Síðustu 3 verkefni sem hafa verið í gangi hjá NSR undanförunum ári eru, sólar eldavélarnar í Kenya, sem Finnarnir hafa umsjón með, því verkefni er lokið en það var svo vinsælt að Finnarnir hafa verið beðnir um að halda því áfram og er það nú styrkt af einkaaðilum. 2 verkefni, Gleymsdu börnin í Tyrklandi og Lebanon sem Svíar og Norðmenn hafa séð um, eru um það bil að ljúka. Það átti að vígja formlega skólann í Lebanon í haust, en vegna óeirða í Beirut varð ekkert af því. Því verkefni er þó lokið og sama má segja um verkefnið í Tyrklandi, því er að ljúka einnig og byrjað að nota skólanna.

2021 á að byrja á nýju sameiginlegu verkefni sem var samþykkt á NSR þinginu í Kaupmannahöfn. Tillaga frá Danmörku um **Byggingu barnadeildar** í þorpinu Heri í Kigoma í Tansaníu var samþykkt sem næsta verkefni NSR.

Í þorpinu Heri er sjúkrahúsið „Heri Mission Hospital“ en þar er ætlunin að byggja sérstaka barnadeild. Sjúkrahúsið hefur ekki getað boðið upp á sérstaka barnadeild þar sem veitt er fæðingarhjálp og umönnun ungabarna og mæðra eftir fæðingu. Sú þjónusta er ekki heldur fyrir hendi á öðrum spítölum á stóru svæði. Áætlaður kostnaður við bygginguna eru 156.000 evrur og mun Ísland greiða 4% af þeirri upphæð.

Boðið var upp á nokkur námskeið á þinginu og fór ég á námskeið sem Björg Bára Halldórsdóttir fráfarandi fjölmæmisstjóri hélt, en hún fer fyrir nefnd sem kallast „NSR in the future“ eða framtíðarsýn NSR. Nokkrar tillögur voru samþykktar og ber þar hæst tillaga um að koma upp nýrri heimasíðu fyrir NSR og gætu löndin jafnvel komið sínum heimasíðum undir NSR síðunni. Önnur tillaga sem var samþykkt, er að NSR komi á legg búðum fyrir sykursjúk börn, sem myndi þá flytjast milli landanna, eitt ár í senn. Þá var lagt til að minnka kostnað við þingin, fleiri námskeið verði í boði og t.d. minna lagt í mat og drykk til að spara umdæmunum og Lionsfélögum fé og fá þannig fleiri til að sækja þingin.

Þingið tókst í alla staði vel og höfðu margir á orði að þetta væri eitt besta þing sem þeir hefðu sótt, en næsta þing verður í Helsinkí að ári, en eftir það kemur röðin að Íslandi að halda þingið.

NSR OC fulltrúi MD 109 er Jón Pálmason Lkl. Víðarr og Alþjóðasamskiptastjóri er Árni V. Friðriksson Lkl. Hæng. Auk þeirra og Björg Báru sóttu þingið Ellert Eggertsson Fjöllumdæmisstjóri og kona hans Júlíana Guðmundsdóttir, Björn Guðmundsson Varafjöllumdæmisstjóri, Jóhanna Thorsteinson umdæmisstjóri 109A, Bragi Ragnarsson umdæmisstjóri 109B og kona hans Bryndís Jóhannsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson varaumdæmisstjóri 109A og kona hans Jóhanna Lilja Arnardóttir.

### **Lionsheimilið**

Í byrjun starfsársins var ákveðið að fara í breytingar á Lionssalnum, þannig að hann tæki um 80 manns í sæti og hægt yrði að halda sameiginlega fundi fjöllumdæmis/umdæmanna í salnum. Ákveðið var að skipta verkefninu í 3 hluta og styðjast við teikningu sem Bjarni Snæbjörnsson Lkl. Víðarr teiknaði af salnum. Fyrsti hluti fólst í því að minnka aðeins skrifstofuna og búa til nýja geymslu þar sem Medic Alert gögnin voru áður. Annar hlutinn fólst í að færa fatahengið nær aðalinngangi til að stækka rými fyrir snyrtingu fatlaðra og setja upp nýja rafmagnstöflu. Einnig að koma fyrir nýju móttöku eldhúsi þar sem geymslan var áður. Þriðji hlutinn felst í að rífa gamla eldhúsið og ganga frá lögnum. Setja nýja lýsingu í salinn, nýtt gólfefni á salinn og setja upp lagnir fyrir skjávarpa og hljóðkerfi ásamt ýmsum öðrum frágangi. Þegar þetta er ritað um miðjan maí, er búið að færa rafmagnið í nýju töfluna og ganga frá veggjum á snyrtingu fatlaðra. Flota og dúkleggja eldhúsið og málningarvinnu lokið. Búið að mála salinn og undirbúa fyrir flotun og lagningu gólfefnis. Allt stefnir í að salurinn verði tilbúinn fyrir starfið í haust.

### **Fjármál**

Ljóst er á þessum tímapunkti að við munum ná markmiðum okkar með að reka hreyfinguna með 4 – 5 milljóna króna hagnaði í ár sama var upp á teningnum í fyrra svo hagur okkar hefur nú vænkast til muna. Þessi viðsnúningur í rekstri hefur gert kleift að greiða upp lán sem tekið var vegna hússins. Við höfum reynt eins og hægt er að spara í rekstrinum, fengið lánað húsnæði fyrir umdæmis og fjöllumdæmisfundi án þess að þurfa að greiða fyrir leigu og munar um minna. Það er gildir það sama í rekstri Lionshreyfingarinnar og öllum öðrum rekstri að stöðuleiki ásamt eðlilegu aðhaldi í rekstri er það sem á endanum skilar bestu. Fjöllumdæmisgjaldkeri er Stefán Árnason Lkl. Vitaðsgjafa.

### **Laganefnd.**

Í haust voru samþykkt ný lög á alþingi sem skylda skráningu á öllum félagasamtökum í landinu þ.á.m. Lionsklúbbana og fjöllumdæmið. Skráning raunverulegra eigenda á félagasamtökum. Hver klúbbur þarf að skrá klúbbinn hjá RSK og senda inn lög félagsins. Á starfsárinu hafði laganefndin fundað og farið yfir þýðingu á klúbbalögnum úr LCI Board Policy Manual. Vegna íslensku laganna frá alþingi, ákvað laganefndin að senda út til allra Lionsklúbba í landinu „Fyrirmynd að lögum fyrir Lionsklúbba“ sem hver klúbbur þurfti að samþykka og senda inn til Ríkisskattstjóra fyrir 1. mars 2020. Ég vil þakka laganefnd fyrir að bregðast skjótt við en upphaflega var ætlunin að kynna lögin á þinginu í Hafnarfirði. Laganefnd skipa Gissur Júní Kristjánsson Lkl. Hafnarfjarðar formaður, Kristín Þorfinnsdóttir Lkl. Emblu og eins fékk ég Geir Hauksson fyrrverandi formann laganefndar Lkl Hafnarfjarðar að sitja í nefndinni ásamt Ellert Eggertssyni fjöllumdæmisstjóra sem sat fundi nefndarinnar.

### **Málþing að Flúðum**

Laugardaginn 26. október var haldið málþing á Flúðum um konur í Lions. Til málþingsins voru allar konur velkomnar en málþingið var haldið á vegum Umdæmis 109A. Málþingið var opið öllum konum, bæði lionskonum í A og B umdæminu sem og öðrum þeim konum sem hefðu áhuga á að kynna sér störf kvenna í lionshreyfingunni. Þrjár konur voru valdar til að flytja erindi, en aðalræðumaðurinn var Hilde Straumsheim, GAT á Norðurlöndunum. Þess var jafnframt vænst að allir formenn kvennaklúbba umdæmisins kynntu klúbbinn sinn og fékk hver þeirra 5 mínútur til þess. Ræðumenn aðrir en formenn klúbba voru: Guðrún Hafsteinsdóttir formaður SI og markaðsstjóri Kjöriss, Eva Björk Harðardóttir oddviti í Skaftárhreppi, Kirkju bæjarklaustri og Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti Hrunamannahrepps, Flúðum. Málþingið heppnaðist mjög vel og sóttu það um 40 lionskonur. Allar þessar konur kynntust starfi annarra kvennaklúbba og miðluðu um leið þekkingu sinni og reynslu til hverrar annarrar. Erindi þeirra Guðrúnar, Evu Bjarkar og Halldóru voru bæði skemmtileg og mjög fræðandi. Lagði Guðrún sérstaka áherslu á að konur segðu: “Já” þegar til þeirra væri leitað og þeim sýnt það traust að kalla þær til starfa.

Konurnar voru frá öllu svæði A umdæmisins, frá Egilsstöðum til Reykjaness og var mjög skemmtilegt að fræðast um hin ólíku verkefni sem þær unnu að. Það var sérstaklega gaman að fá konur frá Lionessu klúbbi Keflavíkur sem komu sérstaklega vel undirbúnar til málþingsins. Var gerður góður rómur að starfi þeirra og kynningu á því.

Hilde Straumsheim fræddi konurnar um uppbyggingu Lions á Norðurlöndunum og í Evrópu og fræddi einnig konurnar um starf sitt í Noregi. Bæði starfið í sínum klúbbi og einnig um verkefni í Noregi almennt. Að þessu sinni var ákveðið að leita styrkja til að kosta málþingið og væntum við þess að það verði styrkt að fullu. Mjög margar þátttakendanna lýstu áhuga sínum að mæta á svona málþing aftur, ekki sjaldnar en annað hvert, eða þriðja hvert ár. Sumar konurnar vildu fá svona málþing á hverju ári. En slík ákvörðun liggur auðvitað hjá hverjum umdæmisstjóra fyrir sig. Undirbúningshópin skipaði Sesselja G. Sigurðardóttir, Lkl. Kaldá, fulltrúi kvenna í GMT teymi A umdæmis og þær Helga Lára Guðmundsdóttir formaður Lkl. Eirar og Þóra Bjarney Guðmundsdóttir 2. varaumdæmisstjóri í A umdæmi.

## **Félagamálin GMT**

Fjallað um brottfall og það gegnumstreymi sem við höfum á félögum í klubbunum okkar. Þetta er ekki nýtt vandamál og við þurfum að skoða hvernig við hjálpum klubbunum þeirri baráttu að halda félögnum. Ég held að leiðin sé að styrkja starf klubbana svo þeir verði nógu skemmtilegir að vera í. Félagafulltrúin hefur farið á nokkra svæðisfundi og kynnt hvernig hægt er að halda kynningarfundir fyrir væntanlega félag, eins og haldnir hafa verið í Lkl. Víðarri undanfarin ár. Verkefnið byggir á fyrirmynd frá Lions, sem heitir Ask One.. Nýjasta fréttin er að Lionsessuklúbbur Keflavíkur hefur ákveðið að ganga til liðs við Lions sem fullgildur klúbbur. Verkefnið er í vinnuferli og er gert ráð fyrir að nýr klúbbur verði stofnaður 1. júlí. En að lokum þá hefur ekki mikið unnist nóg í baráttunni við að afla fleiri félaga. Við höfum frétt að það sé að bætast í verkfærasafnið í Ameríku. Við þurfum alltaf að vera vakandi yfir því að sjá nýjar leiðir.

Brottfall nýrra félaga og brostnar væntingar. Staðan í dag: Ég hef haft mestan áhuga á að skoða brottfall nýrra félaga og ástæður þess. Eftir febrúar eru 2072 félagar í hreyfingunni. Við misstum út 87 félagar, 48 í B og 39 í A umdæmi. Inn komu 28 í A og 20 í B. Þannig að í A umdæmi eru nú 1212 félagar og 860 í B. Við misstum út klúbba fyrir norðan sem munar um en voru lengi í dauða teygjunum. Það slær mig alltaf þegar ég skoða brottfallið hvað margir hafa stoppað stutt í hreyfingunni. Í nýjustu tölunum kemur í ljós að í A umdæmi hafa 39 hætt og þar af 8 innan árs og svo 8 innan tveggja ára eða 41 %. B umdæmi er með 48 út og þar af 4 félagar eftir ár og aðra 5 eftir tvö ár. Það gera um 19 %. Prósentan er lægri í B umdæmi mest vegna þess að þorri þeirra sem hætta eru úr Blönduós klúbbum og Skagastrandar með langa Lions reynslu. Brostnar væntingar nýrra félaga? Brottfall hefur verið svipað undanfarin ár. Verið á bilinu 60 – 90 félagar ár ári. Hvers vegna er það? Hvers vegna er svo erfitt að minnka það? Fyrir því eru margar ástæður. Kannski ekki síst að búið er að byggja upp svo miklar væntingar hjá nýja félaganum að venjulegt fundarstarf stendur ekki undir því. Til að ná félagar inn er búið selja honum/henni eitthvað sem ekki stenst í venjulegu starfi klúbbsins.. Starf með mælenda getur þá skipt sköpum Við framkvæmd fundarins þarf að setja upp dagskrá sem er til þess fallin að laða til fundarins nýtt fólk. Brottfall er mikil blóðtaka fyrir hreyfinguna. Það er erfitt og mikið fyrir því haft að ná í nýja félagar og sárt að sjá árangurinn leka út kannski fyrir lok fyrsta stafsársins. Þrjár ástæður eru helst fyrir brottfallinu. Of lítil fræðsla um hreyfinguna og reglulegt starf klúbbsins. Önyrtir meðmælendur og leiðinlegir fundir.

GMT nefndin hefur yfirfarið Nýliða möppuna. Uppfært og stýtt efni um hreyfinguna sem er í möppunni og komið því inn á Lions síðuna undir heitinu fyrir nýja félagar. Samið bréf til meðmælenda frá umdæmisstjóra sem er afhent við inntökuna ásamt sérstöku merki sem hann á fá um leið og nýi félaginn er tekinn inn. Merkið á að vera í möppunni. Þið hafið verið við margar inntökur nýrra félaga. Hvað hafið þið séð marga meðmælendur fá merkið sitt afhent um leið og vera sérstaklega ávarpaðir. Þegar maður skoðar lista yfir félagar sem ganga út, sér maður hvað er áriðandi að segja rétt frá ástæðum úrsagnar. Stundum er ástæðan sem er nefnd flutningur. Við höfum oft talað um að taka á því og fylgja þeim eftir og láta Lionsmenn þar sem þeir flytja til vita af þeim. Það hefur oftast orðið endasleppt hjá okkur.

Félagastjóri er Jón Gröndal Lkl. Nirði, Jón Pálmason Lkl. Víðarr félagafulltrúi 109A og Björn Guðmundsson Lkl. Hæng félagafulltrúi 109B

## Leiðtoga og Fræðslumál

Í byrjun starfsársins lögðu Umdæmisstjórnir áherslu á að allir embættismenn umdæmanna færu í gegnum Guiding Lion Programmið og markmiðið var að útskrifa alla embættismennina sem Leiðarljón. Stór hluti 2. fundar umdæmanna og fjöllumdæmissins átti að fara í kennslu og umræðu um programmið. Því miður reyndist þáttakan mjög lítil og var ákveðið að hætta við kennsluna en lögð áhersla á að félagarnir færu í gegnum verkefnið heima sjá sér og skila inn verkefninu rafrænt til Leiðtogateymisins. Þegar þetta er skrifað er ekki vitað hve margir luku við verkefnið.

Leiðtogaskóli Lions var haldin 7 – 9 feb. s.l., en um 23 félagar voru skráðir í skólann þetta árið. Í þetta sinn var hann haldin á Radisson Blu Hótel Sögu. Það er GLT stjóri fjöllumdæmissins Halldór Kristjánsson sem stýrir skólanum, en auk Halldórs kenna þau Andri Gylfason, Jón Pálmason og Sigfríð Andradóttir við skólann.

Að venju bauð Leiðtogateymið klúbbum upp á fjölda námskeiða og Guðjón Andri hefur verið duglegur að bjóða upp á rafræn námskeið og þýtt fjölda greina og bæklinga frá LCI. Ég vill þakka teyminu fyrir frábært starf og sem fyrr er Leiðtogateymið eitt öflugasta teymi hreyfingarinnar og okkur öllum til mikils sóma.

## Kynningarmál PR

Á starfsárinu 2018-2019 var Fjöllumdæminu úthlutaður kynningarstyrkur til kynningar Rauðu fjaðrar söluinni vorið 2019. Við fengum fyrri hlutann greiddan strax við samþykkt eða kr, 900.000 en hitt áttum við að fá eftir að við værum búin að skila lokaskýrslu. Við skiluðum skýrslunni í júlí 2019 en það var ekki fyrr en í janúar sem að við fengum loksins til okkar seinni hluta styrksins. Það verður að segjast eins og er að eiga við kerfið á alþjóðaskrifstofunni getur reynt á og að mínu mati ekki nægilega skýrt hvernig skýrslukilum skuli háttáð.

Fyrir áramótin sendi kynningarteymið út póst á alla klúbba landsins þar sem óskað var eftir upplýsingum um hversu marga klukkutíma félagar hefðu varið í verkefni á síðasta starfsári og hversu mikla fjármuni þeir hefðu gefið til líknarstarfa. Einnig var óskað eftir því að sömu upplýsingar yrðu áætlaðar fyrir núverandi starfsár. Markmiðið var að geta kynnt fyrir almenningi hvers virði starf okkar er fyrir samfélagið sem heild. Svör bárust frá um 10 klúbbum. Þannig að þessu verkefni er ekki lokið enn. En að mínu mati algjörlega nauðsynlegt fyrir okkur að hafa þessar upplýsingar hjá okkur.

Nú er í vinnslu endurskoðun á kynningarbæklingi hreyfingarinnar, en eldri bæklingur að sumu leyti orðinn úreltur. Kynningarstjóri fjöllumdæmissins er Björn Guðmundsson Lkl. Hæng, Björgvin G. Sigurðarson Lkl. Geysir fyrir 109A og Hólfríður G. Skúladóttir Lkl. Sunnu fyrir 109B

## Orkester Norden

8 ungmenni sóttu um að komast í Orkester Norden á þessu ári, 5 voru valdir í sveitina en 1 af þeim heltist úr lestinni.

Gert var ráð fyrir að æfingar yrðu dagana 23.7.–1.8. 2020 og lokakonsertin yrði í Berlín 6.8. 2020, en vegna covid-19 og samkomubannsins er búið að aflýsa öllu starfi ON þetta árið.

Það er ljóst að Orkester Norden, sem er núna í Lathi í Finnlandi, flyst til Íslands 2024 og verður hér út árið 2028. Meginfjármögnun sveitarinnar kemur frá Norðurlandaráði en auk þess nýtur hún styrkja og framlaga frá öðrum menningarstofnunum í hverju landi. Við höfum fengið gagnlegar upplýsingar frá Finnunum um fyrirkomulag og aðkomu Lionshreyfingarinnar að rekstri hljómsveitarinnar og þar er í mörg horn að líta og því ráð að hefja undirbúning sem fyrst. Menningarstjóri MD 109 er Jóhanna Valdemarsdóttir Lkl. Kaldá. Katrín Árnadóttir fulltrúi 109A og Ósk Aradóttir fulltrúi fyrir 109B.

## Umhverfismálin

Það hefur minna farið fyrir umhverfismálunum en oft áður á þessu starfsári, aðallega vegna veirunnar og aðal tímin fyrir hreinsun á fjörum og skógrækt er á vorin. Það jákvæða er að Pétur Halldórsson kynningarstjóri Skógræktarinnar hafði samband við mig fyrir 2-3 vikum og spurði hvort Lionshreyfingin væri til í samstarf við Skógræktina og Landgræðsluna um söfnun og sáningu á Birkifræi. Tók ég jákvætt í málið eftir að hafa rætt málið við umhverfisstjóra og fulltrúa umdæmanna og er boltin núna hjá skógræktinni en þetta er allt á byrjunarstigi og ekki búið að fullmóta hvernig verður staðið að þessari samvinnu, en gæti orðið spennandi verkefni fyrir okkur.

Umhverfisstjóri er Halldór Runólfsson Lkl. Fjörgyn, Helgi Guðmundsson Lkl. Geysir fyrir 109A og Ásgeir Þór Ásgeirsson Lkl. Hæng fyrir 109B

### Lionsblaðið – Lions.is – Facebókin

Í september skipaði Fjölumðæmisstjóri nefnd til að ræða og koma með tillögur að framtíðarskipan Lionsblaðsins, vefsíðuna Lions.is auk fésbókarsíðanna Lions Mál og Lions fjölumðæmi 109. Hér eftir er úrdráttur úr skýrslu nefndarinnar, en skýrsluna er að finna í heild í fundargerðum rafræns fundar haldin 28 mars 2020.

Fjölumðæmið heldur úti tveimur fésbókarsíðum annars vegar síðunni Lions mál sem er lokuð síða með 634 meðlimum og á að vera innri vettvangur fyrir verkefni og hugmyndir. Hin síðan heitir Lions fjölumðæmi 109 og er hefðbundin like síða sem að hægt er að deila á aðra notendur á facebook. Það er álit nefndarinnar að það sé eðlilegt að hafa annars vegar lokaðan hóp fyrir félagar sem er þá vettvangur fyrir hugmyndir og umræðu. Hin síðan er nauðsynleg sem kynningarsíða fjölumðæmisins.

Vefsíðan Lions.is hefur alla uppbyggingu til þess að vera góð vefsíða fyrir hreyfinguna hún skiptist í opin hluta og lokaðan hluta. Vandinn hefur verið sá að það vantar að klúbbar sendi efni til ritstjóra síðunnar til birtingar á henni. Að mati nefndarinnar eigum við að frekar að reyna að fá meira efni á síðuna og gera hana þar með meira lifandi.

Í bréfi fjölumðæmisstjóra voru nefndir nokkrir áherslupunktur sem taka þarf til umhugsunar:

1. Skilgreining á starfi ritstjóra:
2. Eigum við að fá ritnefnd til koma meira að útgáfu blaðanna?
3. Laun ritstjóra?
4. Eigum við að kaupa hugbúnað til að geta sett upp blaðið sjálf? .
5. Sendingar einstakra blaða til Lionsfélaga eða klúbba, á kostnað þess sem vill fá blaðið heimsent?
6. Eigum við að reyna að fá fleiri auglýsingar í blaðið.
7. Upplag prentaðra blaða, ef við tökum ákvörðun að prenta blaðið áfram?
8. Eigum við að skikka embættismenn og klúbba til að koma með greinar í blaðið?
9. Eigum við að fá utanaðkomandi til að skrifa greinar eða koma með efni í blaðið?
10. Útlit blaðsins, eigum við hafa meira af myndum og gera þetta að hálfgerðu myndablaði?
11. Eigum við að setja upp heimasíðuna meira í áttina að alþjóðasíðunni LCI?

### Helstu niðurstöður:

Að mati nefndarmanna eigum við að halda fésbókarsíðunum tveimur óbreyttum sem og Lions.is þrátt fyrir að við þurfum meiri virkni og þátttöku klúbba þar.

Varðandi Lionsblaðið þá erum við ekki eyland þegar kemur að ákvörðunum um framtíð þess, þar þurfum við að gæta að stefnu LCI, þýðingarstyrkjum, lagaumhverfi og öðrum þáttum. Líkleg þróun er að okkar mati á næstu árum verði netblöð reglan og prentun hverfi hvort það taki fimm ár eða lengri eða skemmri tíma er ómögulegt um að segja. Þá er það líka spurning hvort það sé leggjandi á fáa félagar að gefa út blað sem þetta sem að fáir vilja skrifa í og lesa. Í framtíðinni er líklegt að vefsíðan Lions.is og blaðið vefjist saman.

### Tillögur

- 1) Facebook síðan Lions mál verði óbreytt, reynt verði að fá meiri virkni klúbba og félaga
- 2) Facebook síðan Lions MD 109 verði óbreytt-reynt verði að fá meiri virkni klúbba og félaga
- 3) Lions.is verði óbreytt þ.e. innri og ytri vefur-meira efni bæði á innri og ytri vef
- 4) Lionsblaðið,
  - a. Skilgreina starf ritstjóra, endurskoða laun þau hafa verið óbreytt lengi
  - b. Fá stuðningsnet með ritstjóra, jafnvel fá efni um annað en Lionsmál
  - c. Blaðið verði á næstu árum gefið út rafrænt
  - d. Undirbúa þá þróun að vefja blaðið og Lions.is saman, t.d. með greinasafni og skrifum
- 5) Halda áfram með vinnu um blaðið og fá til þess fleiri félagar enda er umhverfi blaðaútgáfu ekki síður en Lions síkvíkt. Eftirfarandi félagar skipuðu nefndina og færi ég þeim bestu þakkir fyrir góða skýrslu. Þorkell Cýrusson ritstjóri, Sigurður Steingrímsson netstjóri og Björn Guðmundsson varafjölumðæmisstjóri..

## Konur í Lions

„Konur í Lions“ verkefnisstjóri fjöllumdæmis og konur í Lions, fulltrúar umdæma eru skipaðir í embætti til þriggja ára og lýkur því núverandi teymi starfstíma sínum þann 30. júní n.k. Það verður að viðurkennast að GMT/konur í Lions stjóri hefur ekki staðið sig sem skyldi í vetur og lítið haft sig í frammi.

Anna Blöndal Lkl. Ylfu GMT/konur í Lions í B umdæmi stóð sig frábærlega við að koma Lions á framfæri þegar hún ásamt Önnu Sigríði Halldórsdóttur úr Lionsklúbbum Ösp fóru í viðtal hjá Maríu Pálsdóttur í föstudagsþættinum á N4 á Akureyri 8. Mars 2020 og sögðu frá starfi Lions.

Varðandi Góugleði sem við höfum haldið hér á suðvesturhorninu undanfarin ár þann 8. mars á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þá var það sameiginleg ákvörðun nefndarinnar sem staðið hefur fyrir þeirri gleði að ekki væri grundvöllur fyrir henni að þessu sinni þar sem aðeins 50 konur mættu í fyrri og tap var á kvöldinu. Auðvitað ætluðum við að reyna að finna upp eitthvað annað til að vekja athygli á starfinu og til kynna hreyfinguna en þá skall veiran hræðilega yfir okkur og úr okkur voru dregnar tennurnar. En koma tímar og koma ráð og vonandi tekst nýju teymi að hressa okkur við á ný og gera eitthvað skemmtilegt á næsta starfsári.

Að lokum koma hér nokkrar tölfræðiupplýsingar.

20. apríl 2020 þegar þetta er skrifað, er staðan eftirfarandi:

Í A umdæmi eru nú 249 konur í 14 klúbbum sem gerið 20,5% af félagafjölda umdæmisins. Þar af eru 9 nýir félagar en 3 hafa hætt.

Í B umdæmi eru nú 328 konur í 16 klúbbum sem gerir 38,5% af félagafjölda umdæmisins. Þar af eru 7 nýir félagar en 9 hafa hætt.

Alls eru því 577 konur félagar í Lions á Íslandi eða 27,9% allra félaga á landinu.

Af þessu má sjá að við höfum nánast staðið í stað í nokkur ár því miður.

Frést hefur að Lionessuklúbbur Keflavíkur hafi nú loksins ákveðið að ganga til liðs við Lions á Íslandi og eru það miklar gleðifréttir því þar fara öflugar konur.

Hrund Hjaltadóttir Lkl. Fold verkefnisstjóri frá fjöllumdæmi 109, Sesselja G. Sigurðardóttir Lkl. Kaldá fulltrúi A umdæmis, Anna Blöndal Lkl. Ylfu fulltrúi B umdæmis

## Lestrarátakið

Bókamerki Lions fyrir öll börn í fimmta bekk (10 ára börn ) 10 ára alþjóðlegt verkefni sem hófst starfsárið 2012 – 2013.

Lestrarátakið er aðili að þjóðarsáttmála um læsi, og hefur leyfi Skóla og frístundasviðs Reykjavíkur. Lionsfélögum er því heimilt að heimsækja skóla landsins og afhenda bókamerkin. Það er háð því að vera í samráði við skólastjórnendur og kennara skólanna varðandi leyfi og tímasetningu. Eða hvernig skólastjórnendur vilja láta afhenda bókamerkin.

Undirbúningur felst í því að finna út hversu mörg fimm ára börn eru í skólum landsins. Er stuðst við upplýsingar frá Hagstofu Íslands frá árinu áður þar sem nýjasta uppfærsla er ekki komin inn á þessum tíma. Að uppfæra bréf um verkefnið til svæðisstjóra í A og B umdæmi, annað til allra klúbbformanna sem sent er í tölvupósti. Bréf til kennara eru sett í umslögin með bókamerkjunum. Eins og síðustu árin tóku svæðisstjórar bókamerki fyrir klúbba á sínu svæði og afhentu klúbbformanni á fyrsta svæðisfundi starfsársins.

Það spyrst út með verkefni Lionsklúbba, að hvetja til lesturs. Höldum áfram og skoðum á hvern hátt við getum lagt lið.

Mörg börn af íslenskum uppruna og börn og fullorðnir af erlendum uppruna hér á landi þurfa aðstoð. Hér má nefna að Lestrarvinir eru enn að starfa á Borgarbókasafni Reykjavíkur, hægt er að finna upplýsingar á facebook undir LESTRARVINIR eða email, lestrarvinir@reykjavik.is

Verkefni Lionsklúbbsins Ylfu á Akureyri hefur verið til fyrirmyndar og væri gaman ef fleiri klúbbar ættu tök á að samskonar aðstoð við lestur.

Lestrarátaksstjóri Lions MD 109 er Dagný S Finnsdóttir, Jórunn Guðmundsdóttir lestrarátaksfulltrúi í 109 A og Grund Hjaltadóttir lestrarátaksfulltrúi í 109 B.

## Sjónvernd – Vision For All

Fjöllumdæmið og nokkrir klúbbar styrktu Kristínu Gunnarsdóttir sjónfræðing til að ferðast með sænskum samtökum sem nefnast Vision For All, til Madagaskar, en Kristín var búin að safna nálægt 2000 gleraugum sem hún hafði mælt og flokkað og tók með sér til Madagaskar fyrir innfædda. Kristín hefur ferðast tvisvar til Kúbu, Nepal og nokkra landa í Suður Ameríku í sama tilgangi. Nokkrir klúbbar hafa fengið Kristínu í heimsókn þar sem hún hefur frætt Lionsfélaga um þetta frábæra verkefni sitt.



### **Sykursýkisverkefni.**

Mörg undanfarin ár hafa íslenskir Lionsklúbbar staðið fyrir forvarnarverkefni í sykursýki í nóvember ár hvert. Sífellt fleiri klúbbar bætast í hópinn. Lionsfélagar eru í verslunar miðstöðvum og á fjölförnum stöðum og mæla þar blóðsykur og blóðþrýsting gesta og gangandi og eins voru dreifðir bæklingar frá Retina Risk um sérstakt app fyrir sykursjúka, sem er til þess að fylgjast betur með sjúkdómnum. All mikill fjöldi nýtir sér þessa þjónustu og er þó nokkur hópur fólks sendur til frekari skoðunar á sína heilsugæslustöð. Verkefnið kynnir Lions vel og á jákvæðan hátt auk þess sem við erum að vinna að einu af okkar fimm ramma verkefnum Lions.

Í A umdæmi voru 32 klúbbar af 51 sem tóku þátt og voru mældir 3.165 einstaklingar og var 139 einstaklingum bent á að láta athuga sig betur hjá heimilislækni.

Í B umdæmi voru 12 klúbbar sem tóku þátt og voru mældir 2.453 einstaklingar mældir og var 65 einstaklingum bent á að láta athuga sig betur hjá heimilislækni.

### **Ungmennaskipti**

Þann 4.júlí sl. komu til landsins 9 spennt ungmenni sem hefja voru 3 vikna dvöl á Íslandi og voru þátttakendur í Ungmennaskiptum Lions. Ungmennin voru frá; Þýskalandi, Noregi, Hollandi, Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku, Austurríki, Ítalíu og Ungverjalandi. Eitt ungmenni kom til landsins þann 10.júlí og fór beint í búðirnar.

Ungmennabúðirnar voru dagana 11.júlí – 25.júlí. Voru þær á svæði 3 í umdæmi 109 A. Það voru Lionsklúbburinn Suðri í Vík í Mýrdal, Lionsklúbbur Hornafjarðar og Lionsklúbburinn Kolgríma, sem sáum um búðirnar í sumar og skiptu þessum tveimur vikum á milli sín. Fyrri vikuna sá Suðri um og síðari vikuna klúbbarnir á Hornarfirði.

Búðirnar hófust í Vík þann 11.júlí og gistu þau í Félagheimilinu Leikskálum, fyrir utan eina nótt er þau gistu í Þakgil, í þeirri stórkostlegu náttúru sem þar er. Á meðan þau dvöldu í Vík var fjölbreytt dagskrá sem innihélt m.a göngur um Þakgil, skoðunarferð um Vík, heimsókn á Lava Show, gróðursetningu með skógræktinni á svæðinu, Safnið á Skógum heimsótt og nágreni.

Þann 17.júlí hélt svo hópurinn í Skaftafell, þar sem félagar úr klúbbunum á Höfn tóku á móti þeim. Ungmennin gistu í Skaftafelli tvær nætur, rölt var að Svartafossi, farið í Ingólfshöfða og amk einhver ungmennanna gengu um svæðið með landverði. Gististaður þeirra á Höfn var Heppuskóli. Eftir komuna á Höfn héldu ævintýri ungmennanna áfram því farið var að Jökulsárlóni, farið var austur á Djúpavog, farið á Vatnajökul, grillað í Lionslundi þeirra á Höfn og margt fleira. Voru þau 10 ungmenni sem hingað komu alveg hreint til fyrirmyndar. Við erum einstaklega þakklát fyrir allt sem fyrir þau var gert og þau fengu að upplifa hér á landi. Við sendum út 5 ungmenni þetta árið og að þessu sinni voru það allt stúlkur. Fóru þær til Japan, Ítalíu, Noregs, Sviss og Ungverjalands.

Sumarið 2020 áttu ungmennabúðirnar að vera á svæði 5 í umdæmi 109A, en þeim hefur verið aflýst vegna covid-19 veirunnar.

### **Kjaransorðan og Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar**

Stjórn heiðurssjóðsins hélt einn fund á starfsárinu og fór yfir stöðu sjóðsins. Kom fram hjá formanni að hugur væri að fara í átak á næsta starfsári til að efla sjóðinn. Stjórnin hefði aðhæfst lítið á meðan Guðrún er formaður LCIF. Stjórn Kjaransorðunar samþykkti 2 beiðnir um Kjaransorðuna frá klúbbum. Stjórnin ákvað að láta búa til svo kölluð Kjaransmerki í Gulli, Silfri og Brons útgáfu sem Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir hannaði og hugsunin er að klúbbar geti keypt til að verðlauna félagana fyrir vel unnin störf. Merkin eru komin í sölu og fást á skrifstofu Lions. Formaður Kjaransorðunefndar er Björg Bára Halldórsdóttir og formaður Heiðurssjóðs GBY er Hörður Sigurjónsson.

### **MedicAlert á Íslandi**

MedicAlert á Íslandi er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 1985 fyrir tilstilli Lionshreyfingarinnar á Íslandi og er rekin undir verndarvæng hennar. Stofnunin starfar með leyfi MedicAlert Foundation International, sem stofnað var í Kaliforníu 1956. Allar MedicAlert stofnanir eru reknar án ágóða.

### **Merki sem bjargað gæti mannlífi**

MedicAlert merkið varðveitir upplýsingar fyrir lækna og viðbragðsaðila til þess að hægt sé að bregðast rétt við þegar mikið liggur við

Á merkið eru skráðar upplýsingar um sjúkdóma, ofnæmi og fleira sem þarf. Töluverð vinna er við utanumhald, upplýsingagjöf, gróft á merkin og fleira. Hefur hluti verið unninn í sjálfboðastarfi af Lionsfólki en annað á Lionsskrifstofunni. Miðað er við að MA greiði raunkostnað við þetta verkefni. Ný stjórn var skipuð haustið 2018 til þriggja ára. Laufey Jóhannsdóttir úr Eik er formaður, Margrét Jónsdóttir og Anna Kristín úr Fold og Stefán Árnason úr Vitaðsgjafa eru einnig í stjórn. Á starfsárinu hefur verið unnið að nýrri heimasíðu MA og fésbókarsíða lagfærð.

## **LCIF**

Alþjóða fjáröflunaráttak LCIF sem hófst formlega eftir samþykki alþjóðþings 2018 hefur farið mjög vel af stað. Rétt ríflega helmingur markmiðsins hefur náðst, en takmarkið var að safna 300 milljón dollurum á þremur árum. Rétt er að taka fram að allar tölur hér miðast við stöðu framlag 1. apríl. Íslenskir Lionsfélagar hafa ekki látið sitt eftir liggja og höfum við lagt fram nær helminginn af því sem gert var ráð fyrir frá Íslandi.

Heildarframlag frá Íslandi á þessu starfsári nema 135.920 dollurum eða 64,8 dollurum fyrir hvern félag sem setur okkur í efsta sætið á Norðurlöndum miðað við félagafjölda.

Nokkrir klúbbar hafa ákveðið að gerast Model Club og skuldbinda sig þannig til að greiða ákveðna upphæð fyrir hvern félag og ljúka þeim greiðslum fyrir 30. júní 2022. Þeir klúbbar eru eftirtaldir. Lkl. Eik Garðabæ með 750\$ fyrir hvern félag, Lkl. Mosfellsbæjar með 1.250\$ fyrir hvern félag, Lkl. Hængur Akureyri með 1.000\$ fyrir hvern félag, Lkl. Grindavíkur, Lkl. Muninn Kópavogi og Lkl. Freyr Reykjavík allir með 500\$ fyrir hvern félag.

Það væri mikils virði fyrir framgang átaksins ef hægt væri að fjölga þeim klúbbum sem gerast Model Club.

Þrjú klúbbar skera sig nokkuð úr varðandi framlög fyrir hvern félag á starfsárinu.

Lkl. Mosfellsbæjar með 861\$ fyrir hvern félag, Lkl. Freyr Reykjavík með 319\$ fyrir hvern félag og Lkl. Hængur Akureyri með 240\$ fyrir hvern félag.

Tveir félagar á Íslandi hafa gerst Major Donor og þannig skuldbundið sig til að greiða hvor um sig 25.000\$ til átaksins.

Þá gerist það núna þriðja starfsárið í röð að allir klúbbar B umdæmisins eiga framlag til alþjóðahjálparsjóðsins.

Á þessu starfsári varð Ísland þriðja landið í Evrópu þar sem allir klúbbar landsins hafa lagt eitthvað til átaksins frá því það hófst.

LCIF stjóri er Kristinn Hannesson, LCIF fulltrúi 109A er Kristín Þorfinnsdóttir og fulltrúi 109B er Benjamín Jósefsson.

## **Lions Quest**

Á síðasta starfsári fór af stað samstarf milli Lions Quest stjóra á Íslandi og Lions Queststjóra í Noregi haustið 2018 en Norðmenn eiga efni sem ætlað er fyrir íþróttþjálfara til vinna með börnum og ungmennum. Efnið hjálpar þjálfurum að byggja upp jákvætt umhverfi innan íþróttafélaganna, liðsheild og jákvæða endurgjöf til einstaklinga.

Á fundi í Oslo í sept. 2018 gaf Annica Lindén Öygard stjórnandi verkefnisins Mitt Valg munnlegt leyfi til að nota efnið þeirra eins og aðstoða okkur á allan hátt. Efnið er í rafrænu formi á norsku en mun að öllum líkindum verða þýtt yfir á ensku. Ákveðið var að byrja á að bjóða einu íþróttafélagi samstarf og fyrir valinu varð Ungmennna og íþróttafélagið Fjölir í Grafarvogi.

Samstarf hófst við stjórn Fjölir s.l. vetur (2018-2019) og efnið kynnt á fundi hjá þeim í byrjun mars 2019. Áhugi var hjá stjórn og formönnum deilda félagsins að fá að vita meira um verkefnið. Sótt var um styrk frá LCIF til að halda kynningarfund með Fjölismönnum og fékkst hann. Þann 17. maí 2019 var svo haldinn kynningarfundur með fulltrúum nokkurra deilda innan Fjölir. Trond Rekstad Lions Quest þjálfari kom frá Noregi til að kynna fyrir þeim verkefnið. Trond er margreyndur LionsQuest kennari/þjálfari og hefur unnið með skólum og íþróttafélögum víða um Evrópu. Fundarmenn voru mjög jákvæðir og þökkuðu fyrir fundinn með þeim orðum að örugglega yrði framhald á samstafinu og spurðu hvenær okkur hentaði að taka næsta skref sem eru vinnustofur fyrir þá þjálfara hjá Fjölir sem vilja vera með.

Í framhaldinu var sótt um Lions Quest Community Partnership Grant sem mundi þá notast til að greiða fyrir þýðinguna og vinnustofufundina og annað það sem til félli. Stuttu áður en til kom fengum við póst frá Ariel Dickson í Oak Brook um að ekki mætti halda vinnustofurnar fyrr en búíð væri að samþykkja styrkinn. Norski Lions Quest stjórninn bauð Hrunn Hjaltadóttir LQ stjóra að vera þátttakandi í vinnufundi um efnið í Oslo 23. og 24. október 2019. Hún fór til Oslo á ráðstefnuna og

varð lítið vör við að eitthvað væri að gerast í málunum varðandi þýðingar á efninu og fékk hún mjög óljósar upplýsingar og kom síðan í ljós að þau voru alls ekki eins tilbúin með efnið eins og þau höfðu látið í ljós og að efnið verði ekki tilbúið fyrir en næsta haust.

Hrund var í sambandi við Málfríði Sigurhansdóttir hjá Fjölni og útskýrði málið fyrir henni. Stjórn Fjölnis hefur tekið þessu mjög vel og eru ennþá tilbúin í samstarfið með okkur sem við vonum að verði á næsta starfsári.

Fjölumdæmisstjórn vill þakka Hrund hennar góða starf við að koma þessu verkefni áfram.

### **Afmæli Klúbba**

Á starfsárinu áttu nokkrir klúbbar stórafmæli og fjórir klúbbar eiga stórafmæli í maí. Lkl. Njörður og Dalvíkur eiga 60 ára afmæli. Lkl. Sauðárkróks, Grindavíkur, Sandgerðis, Selfoss, Húsavíkur, Mosfellsbæjar, Eskifjarðar og Seyðisfjarðar eiga allir 55 ára afmæli. Lkl. Hveragerðis átti 50 ára afmæli. Lkl. Höfði, Keilir og Þorlákshafnar eiga 45 ára afmæli. Lkl. Álftanes og Lkl. Eik áttu 35 ára afmæli. Lkl. Engey, Fjörgyn og Fold áttu 30 ára afmæli. Lkl. Eden átti 10 ára afmæli í mars. Ég óska öllum klúbbunum hjartanlega til hamingju með afmælin og vona að félagarnir hafi gert sér dagamun á afmælisdaginn.

### **Lokaorð.**

Þetta starfsár er senn á enda og er óhætt að segja að það hafi verið sérstakt ár, þar sem kórónavírusinn hreinlega stöðvaði þjóðfélagið í lok febrúar og allt hefðbundið klúbbastarf lagðist af. Eins og ég gat um í byrjun, þá héldu umdæmin og fjölumdæmið rafrænan lokafund sem tókst ágætlega og ég er viss um að sú aðferð er góð í bland við hefðbundna fundi.

Ég hef átt gott og ánægjulegt samstarf við féлага mína í fjölumdæmisráði og alla þá sem ég hef leitað til og fyrir það vil ég þakka. Jóhönnu Thorsteinson umdæmisstjóra 109A, Braga Ragnarssyni umdæmisstjóra 109B, þakka ég kærlega fyrir ánægjulegt samstarf í vetur. Sérstaklega langar mig að þakka Guðmundi Helga Gunnarssyni fjölumdæmisritara og Jóni Pálmasyni fyrir veturinn, en samstarf okkar hefur verið með ágætum, en við höfum haft umsjón með breytingunum á Lionssalnum.

Þessi tími sem ég hef starfað í yfirstjórn hreyfingarinnar hefur verið afar ánægjulegur og lærdómsríkur.

Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri, að gegna embætti fjölumdæmisstjóra og hef ég lagt mig allan fram við að gera mitt besta.

Birni Guðmundssyni viðtakandi fjölumdæmisstjóra, Jónasi Yngvasyni og Guðjóni Andra viðtakandi umdæmisstjórum óska ég velfarnaðar í þeirra embættum.

Ellert Eggertsson

Fjölumdæmisstjóri MD 109

2019-2020